Reykjavíkurborg

Reykjavík, 14. mars 2022
USK22030047

**Borgarráð**

***Gatna- og umhverfislýsing. LED væðing 2022.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjunar á gatna- og umhverfislýsingu 2022.

Kostnaðaráætlun 2 er 700 m.kr.
Áætlaður framkvæmdatími er apríl - desember 2022.

Greinargerð:
Um er að ræða kaup á nýjum orkusparandi LED lömpum ásamt útboði á útskiptingu þeirra. Samkvæmt áætlun verður á árinu 2022 skipt út lömpum í vesturbæ sunnan Hringbrautar, Grafarvogi, Grafarholti og í Norðlingaholti. Þá verður komið fyrir u.þ.b. 100 rafmagnsskápum við spennistöðvar Veitna fyrir nýjan mæla- og stjórnbúnað vegna götulýsingar. Er það liður í því að unnt verði að bjóða út þjónustu og raforkukaup gatnalýsingar. Þá verður haldið áfram vinnu við gerð ljósvistarskipulags og almennra leiðbeininga um lýsingu í borginni. Áætlað er að útskiptingu eldri lampa með nýjum orkusparandi LED lömpum ljúki á árinu 2023.

LED væðing gatna- og umhverfislýsingar er hluti af grænum skrefum Reykjavíkurborgar.

Kostnaðarstaður: 3106 og 3108
Kostnaðaráætlun 2: 700 m.kr.
Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
*Umhverfis- og skipulagssvið*
*Skrifstofa framkvæmdir og viðhald*

Hjálagt:
Kynning

2022

# LED VÆÐING OG ENDURNÝJUN LÝSINGAR

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

2022

# LÝSING Á FRAMKVÆMD

## LED VÆÐING OG ENDURNÝJUN GATNALÝSINGAR

FRAMKVÆMDIN FELUR Í SÉR AÐ ENDURNÝJA 7900 LAMPA Í VESTURBÆR SUNNAN HRINGBRAUTAR, GRAFARVOGI, ÚLFARSÁRDAL, GRAFARHOLTI, REYNISVATNSÁS, NORÐLINGAHOLTI OG Í SAFNGÖTUM VÍÐSVEGAR UM BORGINA.

HELSTU VERKÞÆTTIR ER:

- KAUP Á 4900 LÖMPUM
- ÚTSKIPTING Á 7900 LÖMPUM
- ÚTBOÐ Á UPPSETNINGU LAMPA
- EFTIRLIT MEÐ UPPSETNINGU
- GREINING OG HÖNNUN Á BORGARHLUTUM VEGNA ÚTBOÐA ÁRIÐ 2023
- ÚTGÁFA LJÓSVISTARSTEFNU BORGARINNAR

2022

# LÝSING Á FRAMKVÆMD

FRAMKVÆMDIN FELUR EINNIG Í SÉR MÆLAVÆÐINGU OG VIÐHALDSVERKEFNI.

HELSTU VERKÞÆTTIR ERU:

- UPPSETNING 100 RAFMAGNSSKÁPA FYRIR MÆLA OG STJÓRNBÚNAÐ
- SAMVINNUVERKEFNI MEÐ VEITUM VEGNA ENDURNÝJUNAR
- ÝMIS SMÆRRI TILFALLANDI VERKEFNI VEGNA ENDURNÝJUNAR




# FRAMVINDA VERKEFNIS

## ÚTSKIPTING LAMPA



# DÆMI UM LED-LÝSINGU Á STÍGUM

2022

# KOSTNAÐUR

**LED VÆÐING:**

- HEILDARKOSTNAÐUR ÁRIÐ 2022 ER ÁÆTLAÐUR 550 MKR

**ENDURNÝJUN GATNALÝSINGAR:**

- HEILDARKOSTNAÐUR ER ÁÆTLAÐUR 150 MKR

2022

# MARKMIÐ OG STEFNA

FRAMKVÆMDIN ER HLUTI AF HEILDARENDURNÝJUN GATNALÝSINGAR MEÐ SNJALLVÆÐINGU AÐ LEIÐARLJÓSI.

LED-VÆÐING STYÐUR VIÐ UMHVERFIS- OG AUÐLINDASTEFNU BORGARINNAR OG ER ÞÁTTUR Í GRÆNUM SKREFUM REYKJAVÍKURBORGAR.

TAKK FYRIR